


**SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA**

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík
Ø 354-(9)1-83711, telefax 354-1-687866



Alþingi

38/1992 PS/ÁT

Erindi nr. D 115 1488

komudagur 7 12 1992

Reykjavík, 6. febrúar 1992

Frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 31. janúar 1991 var lagt fram bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 2. des. 1991, þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Stjórnin samþykkti meðfylgandi umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Pórfur Skúlason

Pórfur Skúlason, framkvæmdastj.

Frú Ragna Árnadóttir,
nefndaritari,
Alþingi,

150 REYKJAVÍK

Umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga 31. jan. 1992
um frumvarp til laga um
Viðlagatryggingu Íslands (127. mál).

"Almennt Frumvarpinu fylgir ítarleg greinargerð um markmið og helstu breytingar frá gildandi ákvæðum.

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við þá stefnumörkun, sem felst í frumvarpinu, en rétt þykir að koma eftirfarandi hugleiðingum eða ábendingum á framfæri um einstakar frumvarpsgreinar.

Um 4. gr. Í athugasemdum er fjallað nokkuð um fok- og óveðurstryggingar og rök gegn því að fella þær undir viðlagatryggingu. Nokkrum sinnum hefur komið upp spurning um , hvernig túlka beri tjón af völdum vatnsflóða, t.d. þegar niðurföll hafa stíflast í óvenju miklu úrfelli og flætt hefur í hús, án þess að bótaábyrgð sé hjá sveitarfélaginu. Þótt unnt kunni að vera að kaupa slíka tryggingu á frjálsum markaði, mælir margt með því að fella slíkar náttúruhamfarir undir áhættu, sem tryggð er með sama hætti og verið hefur t.d., ef ár eða lækir flæða yfir bakka og valda skemmdum á tryggðum eignum.

Um 5. og

6. gr. Í ákvæðum um skyldutryggingar samkvæmt 5. gr. og heimildartryggingu samkvæmt 6. gr. felst nokkuð misræmi, bæði að því er varðar tegundir mannvirkja og eignarhald á þeim. Þannig verða tæplega séð rök fyrir því, að hitaveitur, skolpveitur, vatnsveitur og hafnarmannvirki séu skyldutryggð, ef sveitarfélag er eigandi þeirra, en ekki ef þessi mannvirki eru í einkaeign. Hins vegar er t.d. ekki gert ráð fyrir skyldutryggingu raforkumannvirkja, hvort heldur þær eru í opinberri eigu eða einkaeign.

Réttara væri að öll ofangreind mannvirki í eigu sveitarfélaga féllu undir heimildartryggingu, a.m.k. að þau væru undanþegin skyldutryggingu, ef sveitarfélag kys að kaupa sér tryggingu frá öðrum aðila.

Um 11. gr.,
sbr.10.gr.

og 18.gr. Engar upplýsingar fylgja frumvarpinu um iðgjaldafjárhæðir, tryggingarfjárhæðir, endurtryggingar eða eiginfjárstöðu stofnunarinnar.

Iðgjöld Viðlagatryggingar hafa þótt há, a.m.k. af íbúðarhúsnæði í samanburði við t.d. iðgjöld af brunatryggingum og að teknu tilliti til áhættumats, tryggingarverndar og eigin áhættu hins tryggða.

Upplýsingar, sem varpað gætu ljósi á þessi atriði, fylgja ekki frumvarpinu.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til, að tillit verði tekið til ofangreindra sjónarmiða við endurskoðun laganna."